



Stjórn SSH 503. fundur

Miðvikudaginn 23. september 2020, kl. 8:15, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, stjórnarmenn í SSH og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð. Karl M. Kristjánsson boðaði forföll.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Covid-19 / málsnr. 2003006

Fjárhagsáhrif Covid-19 á sveitarfélögin. Framhald umræðu frá 502. fundi.

Umræðum frestað til næsta fundar.

2. Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010

Á 502. fundi stjórnar SSH var ákveðið, með hliðsjón af aðstæðum, að fresta fundi með öllum kjörnum fulltrúum á höfuðborgarsvæðinu sem halda átti föstudaginn 25. september. Áætlað er að halda fundinn 2. október nk. Ákvarða þarf fyrirkomulag þess fundar, auk þess sem ræða þarf fyrirkomulag við undirritun hluthafasamkomulags og stofnsamnings félagsins „Betri samgöngur ohf.“ Framhald umræðu frá 502. fundi.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Tillaga um tilnefningu SSH um aðila í stjórn Betri Samgangna ohf. er í mótun og stefnt er að því að fullforma hana fljótlega.

3. Kjarasamningar, stytting vinnuviku o.fl. / málsnr. 2009002

Fyrir liggja leiðbeiningar innleiðingarhóps Sambands íslenskra sveitarfélaga um hvernig haga skuli vinnu við gerð og útfærslu tillagna, kynningu á þeim og atkvæðagreiðslu vegna styttingar vinnuvikunnar. Útfærsla styttingar vinnuviku er enn í mótun og ýmsar leiðir sem koma til skoðunar.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Ákveðið að mannauðsstjórar sveitarfélaganna komi á fund stjórnar SSH til að kynna þessa vinnu.



4. Stjórnýsla byggðasamlaga /málsnr. 1912001

Á 501. fundi stjórnar SSH var eftirfarandi bókað:

Stjórn samþykkir að haldið verði áfram með verkefnið í samræmi við framlagða innleiðingaráætlun og er framkvæmdastjóra falið að koma innleiðingaráætluninni til framkvæmdar með hliðsjón af þeim forsendum sem fram koma í minnisblaði.

Nú liggja fyrir drög að samningi SSH við Strategíu vegna framhalds þessa verkefnis auk þess sem búið er að vinna skapalón til að nota við greiningu og flokkun á verkefnum byggðasamlaganna en skrifstofa SSH hefur þegar hafið vinnu við greininguna. Páll Björgvin og Hildigunnur kynna ofangreint.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Samningur við Strategíu lagður fram og kynntur og framkvæmdastjóra falið að ljúka við og undirrita hann. Þá var skapalón til að nota við flokkun og greiningu á verkefnum byggðasamlaganna lagt fram til kynningar.

5. Önnur mál

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 25. september, kl. 9:15.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:40